

Vopnaskak 2021

28. júní – 4. júlí

Upplýsingar um helstu viðburði

Dansnámskeið Skapandi sumarstarfa

Skapandi sumarstörf standa fyrir danssmiðju fyrir börn fædd 2008-2014 og endar smiðjan með sýningu á föstudag á Vopnaskaki. Fullt er á námskeiðið.



Opnun Safnasafnsins Glaðheima

Fjölskyldan á Ásbrandsstöðum hefur komið upp safni hjá bænum um Runólf Guðmundsson landpóst og verslunarmann frá Ásbrandsstöðum. Opið verður á safninu frá kl. 16:00-18:00 alla daga vikunnar.

Opið hús hjá Björgunarsveitinni Vopna

Björgunarsveitin Vopni býður í spjall og tækjasýningu í Vogabúð. Kjöríð tækifæri til að kynna sér starfsemina og heyra frá björgunarsveitarfólkinu okkar, ásamt því að sjá þann búnað sem sveitin býr yfir. Húsið opnar kl. 20:00, mánudaginn 28. júní.



Vopnaskaksmót í badminton

Badminton er ein vinsælasta íþrótt sem iðkuð er á Vopnafirði. Þriðjudaginn 29. júní kl. 16:30 gera áhugasamir sér glaðan dag og keppa sín á milli. Vegleg erðlaun frá fyrirkjómum í bænum. Skráning sem fyrst hjá Kolev í skilaboðum, eða Fanney Björk í skilaboðum eða í síma 858-1076.



Sveitalíf 2

Friðrik Ómar og Jógvan Hansen segjast vera heimsfrægir á landsbyggðinni og eiga met í að vera í öðru sæti í öllum keppnum sem þeir taka þátt í. Þeir segjast þó saman vera á toppnum og hafa aldrei verið betri. Þeir kunna sitt fag og eru mættir aftur á húsbílum að þeysast um landið með hljóðfærin og góða skapið í farteskinu. Þeir ætla að koma við hjá okkur í Miklagarði og byrja tónleikarnir kl. 21:00, húsið opnar kl. 20:15. Þeir segja þetta einfalt, það verði dansað, sungið og hlegið! Ekki láta þetta framhjá ykkur fara. Miðasala á tix.is og við inngang.

Boccia í Miklagarði

Eldri borgarar í Vopnafirði skora á meistaraflokka Einherja, karla og kvenna í Boccia. Leikar hefjast kl. 16:00 miðvikudaginn 30. júní í Miklagarði. Allir velkomnir að kíkja.

Singalong með Jóni Arngrímssyni og co. Í

Sundabúð

Jón Arngrímsson kemur með sínu fólki að austan og skemmtir í Sundabúð. Allir hvattir til að taka undir og syngja með. Hefst þetta klukkan 17:00 fimmtudaginn 1. júlí, í Sundabúð. Aðgangur ókeypis.

Kótleittukvöld á Hótel Tanga

Líkt og undanfarin ár verður kótleittukvöld á Hótel Tanga, og hefjast veisluhöldin 18:00 fimmtudaginn 1. júlí og kostar 3.490 kr á mann. Hægt er að skrá sig til hádegis 1. júlí í síma 473-1203 og 779-8415.



Sagnakvöld í Miklagarði

Gísli Einarsson, Guðni Ágústsson og Jóhannes Kristjánsson mæta galvaskir á Sagnakvöld í Miklagarði fimmtudaginn 1. júlí. Þegar rætt var við Guðna um hvort bæta ætti við fleiri sagnamanneskjum var svarið einfalt, þess þyrfti nú ekki, þarna væru saman komnir þrír skemmtilegustu menn landsins. Sagnakvöldið hefst um kl. 20:30, og opnar húsið kl. 20:00. Miðaverð er 3.900 kr. bæði í forsölu á miðvikudag og við inngang á fimmtudag. Barinn í Miklagarði verður opinn, stólar og borð í salnum og Kauptún býður gestum upp á ljúffengt konfekt. Jón Arngrímsson og hans fólk mæta einnig og skemmta gestum í hléi.

Forsala á sagnakvöldið, uppstandið og ballið verður í Miklagarði miðvikudaginn 30. Júní frá kl. 15:00-17:00 – hvetjum fólk til að mæta

Danssýning – Götuleikhús— Hoppukastalar og kjötsúpa

Kl. 17:00 föstudaginn 2. júlí verður danssýning skapandi sumarstarfa á torginu í miðbænum, og hvetjum við alla til koma og fylgjast með afrakstri smiðjunnar. Eftir danssýninguna mætir til okkar gjörningalistahópur frá Akureyri með



götuleikhús í boði Akureyrarbæjar. Hoppukastalarnir verða blásnir upp og Kaupún og Sláturfélagið bjóða upp á kjötsúpu á meðan birgðir endast.

Opið í safni Jóhanns á Svinabökkum

Baukar, smábílar og fleira til sýnis á safni Jóhanns á Svinabökkum frá kl. 13:00-16:00, frá föstudegi 2. júlí til sunnudags 4. júlí.

Uppistand með Jakobi Birgissyni

Jakob Birgisson, einn af vinsælustu uppistöndurum og eftirhermum landsins, verður með uppistand föstudaginn 2. júlí kl. 20:45 í Miklagarði. Húsið opnar þó 20:15. Hann sló í gegn með frumraun sinni, Meistari Jakob haustið 2018 og sýningunni Allt í gangi 2019. Meðfram því hefur Jakob leikið og skrifað, m.a. Áramótaskaupið 2019.



Í sumar skemmtir hann í öllum landsfjórðungum og er að eigin sögn rosalega spenntur að mæta á Vopnaskak.

Furðufatahlaup og vatnsrennibraut

Furðufatahlaupið og vatnsrennibrautin er að verða ómissandi á Vopnaskaki. Í ár verður hlaupið frá torginu að skólanum, og hefjast leikarr kl. 11:00. Miði í hlaupið og rennibrautina kostar 1.000 kr. og innifalið í því er poki af litapúðri.

Hoppukastalar – Einherjagrill – Einherjaleikur

Klukkan 14:00 á laugardaginn 3. júlí opna hoppukastalar á íþróttasvæðinu. Einherji grillar hamborgara og selur fyrir leik, en meistaraflökkur karla mætir liði Tindastóls klukkan 16:00.

Fjölskyldutónleikar í Miklagarði

Hljómsveit Jóns Hilmars ásamt Jónsa og Ernu Hrönn ætla að halda fjölskyldutónleika í Miklagarði 3. júlí klukkan 19:30. Hægt verður að kaupa gos og nammi á svæðinu.

Ball í Miklagarði

Hljómsveit Jóns Hilmars ásamt Jónsa og Ernu Hrönn ætla að halda áfram stuðinu og keyra í ball í Miklagarði að kvöldi 3. júlí. Húsið opnar klukkan 22:00 og standa herlegheitin yfir til 02:00. 18 ára aldurstakmark, miðaverð 3500 kr. Fjaðrir standa vaktina og verða með samlokur til sölu þegar líða fer að lokum ballsins.



Bustarfellsdagurinn



Sunnudaginn 4. júlí verður Bustarfellsdagurinn haldinn hátíðlegur í 29. sinn. Gamli bærin á Bustarfelli lifnar við þegar gengið er í gömlu störfín. Þá syngur í ljánum, snarkar í eldsmiðjunni og bullar í ullarpottinum. Við höfum margt á þrjónunum, teygjum lopann fram eftir degi og gefum í nefið og tána. Hér og þar um bæinn er ýmiss konar góðgæti á boðstólum og utandyra leika dýrin í dalnum við hvurn sinn fingur. Aðgangseyrir 1.000 kr fyrir 13 ára og eldri. Veglegt kaffihlaðborð Kvenfélagsins Lindarinnar verður í Hjáleigunni, verð fyrir 13 ára og eldri er 1.500 kr, 6-12 ára 1.000 kr og frítt fyrir 5 ára og yngri. Það verður posi á staðnum en vegna lélegs netsambands er fólk hvatt til að greiða með reiðufé.

Vatnaviðburður í Selárlaug

Sunnudagskvöldið 4. júlí verður vatnaviðburður í Selárlaug með Guðrúnu Helgu Svansdóttur. Guðrún Helga hefur margra ára reynslu af því að meðhöndla fólk í vatni. Hún er nálastungulæknir, nuddfræðingur og jógakennari og mun bjóða upp á vatnajóga, watsútherapiu og tónheilun í vatni. Viðburðurinn er klukkutími og kostar 5000kr. Takmarkað pláss— skráning hjá Fanney í skilaboðum eða í síma 858-1079.

Forsala á sagnkvöldið, uppistandið og ballið verður í Miklagarði miðvikudaginn 30. Júní frá kl. 15:00-17:00 – hvetjum fólk til að mæta